



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Austurlands
Bakka 1 765 Djúpvaggi

Múlaþing
Lyngás 12
700 Egilsstaðir

Djúpivogur, 25. júní 2023
MÍ202306-0009/ 6.09 / Þ.E.H.

Efni: Gestreiðarstaðarháls, smávirkjun, Múlaþing - tillaga að deiliskipulagi

Minjastofnun Íslands hefur móttengið erindið sveitarfélagsins Múlaþings frá 26. maí 2023 þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um tillögu að deiliskipulagi fyrir smávirkjun á Gestreiðarstaðarhálsi. Meðfylgjandi voru skipulagsgögn, uppdráttur dags. 12.05.2023 og greinargerð dags. 10.05.2023.

Á Gestreiðarstaðarhálsi er fjarskiptastöð sem er aflfædd með hráolíurafstöð sem gengur allan sólarhringinn allt árið. Neyðarlínan ohf. hyggst reisa vatnsaflstöð við afleggjara á þjóðvegi 1 til Vopnafjarðar, í Langadalsá. Fjarskiptastöðin verður tengd við vatnsaflstöðina með lágspennnum rafstreng sem verður um 1,2km að lengd. Með honum verður lagður ljósleiðarastrengur. Með þessari framkvæmd er hægt að leggja af verulega brennslu jarðefnaeldsneytis og möguleiki er svo á að nýta afgangorkuna til þjónustu á svæðinu. Útbúið verður lítið inntak í gili sem áin rennur í og þaðan verður niðurgráfin 400mm pípa um 700m leið að stöðvarhúsinu sem verður rétt neðan við þjóðveg 1. Miðað er við að stöðvarhúsið verði útbúið á verkstæði og það flutt á staðinn.

Í kafla 1.7 greinargerðarinnar er fjallað um menningarminjar. Þar segir að fornleifaskráning hafi verið gerð fyrir skipulagssvæðið og engar þekktar fornleifar hafi fundist innan þess. Tekið er svo fram að ef óþekktar fornleifar finnast við framkvæmd verks verði það stöðvað og Minjastofnun gert viðvart sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Í kafla 4 er umhverfisskýrsla. Þar kemur fram að þar sem engar minjar eru innan svæðisins er framkvæmdin ekki talin hafa áhrif á þær.

Athugasemdir Minjastofnunar Íslands

Eins og kemur fram í greinargerðinni vann Sagnabrunnur fornleifaskráningu fyrir skipulagssvæðið og birtust niðurstöður þeirrar skráningar í skýrslu; *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags: uppsetning smávirkjunar hjá Gestreiðarstaðarhálsi, Jökuldal, Múlaþingi* (skýrsla útgefin árið 2023). Engar fornleifar fundust innan skipulagssvæðisins.

Í umsögn sinni um skipulagslýsinguna óskaði Minjastofnun eftir upplýsingum um hús og mannvirki innan svæðisins. Við yfirferð á gömlum

Puríður Elísa
Harðardóttir

Minjavörður Austurlands
thuridur@minjastofnun.is

loftmyndum má sjá að fjarskiptastöðin á Gestreiðarstaðahálsi hefur verið reist upp úr aldamótum 2000 og ekki er að sjá önnur mannvirki innan skipulagssvæðisins.

Skráningu fornleifa er lokið innan skipulagssvæðisins en engar þekktar fornleifar fundust innan þess. Stofnunin telur ekki þörf á frekari skráningu húsa og mannvirkja innan svæðisins en þau hús og mannvirki sem eru þekkt innan svæðisins hafa risið eftir aldamótin 2000 og teljast því ekki til menningarminja samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við ofangreinda skipulagstillögu eins og hún hefur verið kynnt stofnuninni. Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Virðingarfyllst,



Þuríður Elísa Harðardóttir
Minjavörður Austurlands